

Verlag við námskeiðið „Hugsað um barn“

Þá er oft einn eða tveir starfsmenn skólans í samstarfi við foreldra sem sjá um verkefnið. Foreldrar (foreldrafélag) sjá t.d um að kynna verkefnið fyrir foreldrum og taka þátt í fjáröflun.

Starfsmaður skólans sem stjórnar verkefninu getur verið umsjónarkennari, náms- og starfsráðgjafi, skólahjúkrunarfræðingur eða stjórnandi. Búnaðinum fylgir stuðningsefni sem skólarnir nota.

Raunveruleikabarnið

„Barnið“ er dúkka sem er hönnuð eins og ungabarn í útliti og hegðar sér sem slíkt. Vandað er til útlitsgerðar með mikilli nákvæmni og fer dúkkan eins nálægt raunveruleikanum eins og hægt er að komast. „Barnið“ er sambærilegt þriggja mánaða ungabarni hvað varðar stærð, þyngd og höfuðhreyfingar. „Barnið“ er keyrt á tölvuforriti sem fylgist með hversu vel er hugsað um það.



Það er gert á þann hátt að nemandinn fær armband áður en farið er með „barnið“ heim og er armbandið bundið við þann einstakling á meðan á ummönnunartímanum stendur. Ekki er hægt að færa armbandið á milli einstaklinga.

Þegar nemandinn hugar að „barninu“ er armbandinu beint að skynjara á baki þess og með því les forritið að hugsað hafi verið um „barnið“ og skráir það í minni.



Námskeiðið Hugsað um barn



Hver nemandi fær eitt „barn” í hendurnar og fylgir því burðarpoki og nauðsynlegir fylgihlutir, svo sem bleiur, pelar og fatnaður. Nemandanum er síðan ætlað að hugsa um „barnið” eins og um raunverulegt barn væri að ræða. Almennt er það stillt handahófskennt og þannig fá nemendurnir reynslu af öllum stigum. Hegðunarmynstur „barnsins” felur í sér að það grætur, ropar, hjalar og það þarf að skipta á því.

Þegar umönnunartímanum er lokið fá nemendur upplýsingar um hvernig hefur verið hugsað um „barnið” yfir helgina. Nemendur af báðum kynjum leggja mikið á sig í verkefninu og meðal einkunn er há.



Í þessu forvarnarverkefnið fá nemendur innsýn í kröfur foreldrahlutverksins í gegnum upplifun.

Tveir nemar í hjúkrunarfræði við Háskólann á Akureyri, þær Hrafnhildur Eypórsdóttir og Kristín B. Flygenring, fjölluðu um verkefnið „*Hugsað um barn*” í lokaverkefni sínu til B.Sc. gráðu í hjúkrunarfræði. Tilgangurinn var að kanna reynslu unglunga og foreldra þeirra af verkefninu. Sjá úrdrátt.

Tilgangur rannsóknarinnar var að kanna reynslu unglunga og foreldra þeirra af verkefninu Hugsað um barnið (HUB), sem er forvarnarverkefni ætlað fyrir 8. bekk

grunnskóla. (INNSKOT- FRÁ ÁRINU 2007 HEFUR ALDUR NEMENDA VERIÐ AÐ HÆKKA OG ERU NEMENDUR Í 9. EÐA 10. BEKK.

Verkefnið byggist á því að unglingar fá raunveruleikabarn með sér heim yfir eina helgi. Barninu er stýrt með innbyggðri tölvu. Það grætur, hjalar, gerir í bleyju og heimtar mat hvenær sem er sólarhringsins. Með umönnun barnsins fá unglingarnir að upplifa kvaðir foreldrahlutverksins án þess að raunverulegt barn sé lagt í hættu. Markmið verkefnisins HUB eru m.a. að byggja upp reynslu sem mun endast til langframa af því hversu erfitt það getur verið að verða foreldri þetta ungur. Eins er vonast til að verkefnið auki samskipti unglinga og foreldra.

Tekin voru 3 hópviðtöl, einn hópurinn samanstóð af 5 stúlkum, annar af 5 drengjum og í þriðja hópnum voru 7 foreldrar þeirra. Unglingarnir áttu það sameiginlegt að vera í 10. bekk í grunnskóla í Reykjanesbæ og tóku þátt í verkefninu HUB haustið 2004. Niðurstöður rannsóknarinnar voru greindar í 4 meginþemu, þ.e. barnið, fræðsla um kynlíf, þunganir og ábendingar um HUB. Fram kom að þátttakendum þótti verkefnið eftirminnilegt. Það hjálpaði þeim að sjá hversu erfitt það getur verið að eignast barn. Foreldrarnir voru almennt ánægðir með verkefnið. Mörgum fannst það hafa góð áhrif á samskipti þeirra við unglingana og á sumum heimilum opnaði það fyrir umræður um kynferðismál. Flestir þátttakendur voru sammála um að kynfræðsla væri of lítil í skólanum. Álykta má útfrá niðurstöðunum rannsóknarinnar að HUB sé gagnlegt verkefni sem hvetji til aukinna umræðna milli foreldra og unglinga og hjálpi unglingum að sjá hversu erfitt það er að verða foreldri á unglingsárunum.

Sjá verkefnið í fullri lengd.

http://skemman.is/stream/get/1946/144/1459/1/Hugsað_um_barnið.pdf